



Alþingi  
Erindi nr. P 139/2279  
komudagur 5.5.2011

**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Mývatnssveit, 5. maí 2011.**

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps 28. apríl s.l. var eftirfarandi fært til bókar:

“Erindi frá nefndarsviði alþingis, ósk um umsögn um frumvarp til laga um vatnalög og rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, mál 720.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á þeim ákvæðum vatnalaga, nr. 15/1923, og laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, er snúa að heimildum opinberra aðila til að veita tímabundinn afnotarétt að vatnsafls- og jarðhitaréttindum. Í lögum nr. 15/1923, 2 gr. er lagt til að í stað orðanna „65 ára í senn“ í 1. mgr. 4. mgr. komi: 40 ára frá því að auðlindanýting hefst. Í lögum nr. 57/1998, 3. gr. er lagt til að í stað orðanna „65 ára í senn“ í 3. mgr. komi: 30 ára frá því að auðlindanýting hefst.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur með öllu óeðlilegt að að ekki skuli vera gert ráð fyrir sama nýtingartíma frá því að auðlindanýting hefst í báðum þessum lögum, þ.e. 40 árum. Það að hafa ekki sama nýtingatíma býður upp á mismunum og jafnvel brot á jafnræðisreglu. Þá er það mat sveitarstjórnar að vandséð sé að stytting á nýtingatíma auðlinda sé til nokkurra bóta til framtíðar litið, heldur þvert á móti skapist sú hættu að ver verði um auðlindirnar gengið.”

Þetta tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur,

  
Guðrún M. Valgeirsdóttir, sveitarstj.